# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

178. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 31. JÚLÍ 2017





Fjallgöngumaðurinn John Snorri Sigurjónsson sést hér alsæll á toppi K2. Myndin var tekin á föstudagsmorgun og er sú fyrsta til að sýna hið mikla afrek Johns Snorra. MYND/LÍFSSPOR

# Tugir hælisleitenda horfið af radarnum

**Um tuttugu hælisleitendur hafa horfið af radar Útlendingastofnunar það sem af er ári. Íslensk stjórnvöld vita ekki hvar nokkrir tugir einstaklinga, sem synjað var um hæli hér á landi, enduðu. Líklegt er að sumir þeirra séu hér í felum og stundi svarta vinnu.**

**SAMFÉLAG** Íslensk stjórnvöld vita ekki hvar nokkrir tugir hælisleitenda, sem synjað hefur verið um hæli hér á landi síðustu ár, eru niðurkomnir. Líklegt er að sumir þeirra séu hér í felum og stundi svarta atvinnustarfsemi.

Samkvæmt tölum frá Útlendingastofnun hafa tuttugu manns horfið það sem af er þessu ári. Síðustu ár hafi fjöldinn að jafnaði verið á bilinu tíu til fimmtán manns á ári. Talið er að flestir hafi farið af landi brott án þess að tilkynna það til stofnunarinnar, en að hinir séu enn hér á landi.

„Ástæðurnar eru margvíslegar. Stundum eru þetta einstaklingar sem eiga skilríki en hafa ekki afhent þau stjórnvöldum og nota þau til að fara úr landi. Svo eru einstaklingar sem fara í felur, og stundum dettur fólk út úr kerfinu. Það kemur líka alveg fyrir að einstaklingur hverfur og poppar svo upp hjá okkur nokkrum mánuðum síðar,“ segir Þorsteinn Gunnarsson, staðgengill forstjóra Útlendingastofnunar.

> **Það kemur líka alveg fyrir að einstaklingur hverfur og poppar svo upp hjá okkur nokkrum mánuðum síðar.**
>
> Þorsteinn Gunnarsson, staðgengill forstjóra Útlendingastofnunar



Þorsteinn bendir á að hlutfallslega sé fjöldi þeirra sem hverfur hér á landi umtalsvert minni en hjá öðrum Norðurlandaþjóðum, en sænsk stjórnvöld hafa lýst yfir áhyggjum vegna þess mikla fjölda sem lætur sig hverfa á ári hverju, eða hátt í tíu þúsund manns. Staðan er svipuð í Noregi og víðar.

„Það eru ekki mörg mál þar sem fólk hverfur alveg sporlaust frá okkur. En ef það gerist eru slík mál í höndum lögreglunnar og hún tekur þá ákvörðun um hvort það sé ástæða til þess að leita að fólkinu,“ segir Þorsteinn. Að öðru leyti sé ekki eftirlit haft með þeim sem horfið hafa úr kerfum Útlendingastofnunar og því ekki til nákvæmar tölur um þá.

Aðspurður telur Þorsteinn líklegt að einhverjir þessara einstaklinga séu í felum og vinni svart.

„Svört eða ólögleg atvinnustarfsemi er ekki á okkar borði en það má vissulega leiða að því líkur að fólk fari í felur og vinni svart,“ segir Þorsteinn. **– sks**

## Spice að ná útbreiðslu utan fangelsisveggja

**SAMFÉLAG** Vísbendingar eru um að fíkniefnið Spice, sem hingað til hefur nánast eingöngu verið notað af föngum, sé komið út fyrir veggi fangelsa hér á landi og sé að ná almennri útbreiðslu á íslenskum fíkniefnamarkaði.

Efnið er stórhættulegt og hefur dregið fjölmarga til dauða, en í janúar síðastliðnum þurfti að kalla til sjúkrabíl eftir að þrír fangar á Litla-Hrauni misstu meðvitund vegna ofskömmtunar af Spice.

Samkvæmt eftirgrennslan Fréttablaðsins er talsvert um sölu Spice á Facebook. Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu – félags fanga, segist taka eftir söluaukningu á Spice utan fangelsanna, sem sé mikið áhyggjuefni. „Þetta er þróunin og það eru allar líkur á því að Spice verði að faraldri,“ segir Guðmundur Ingi.

> **Þetta er þróunin og það eru allar líkur á því að Spice verði að faraldri.**
>
> Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu – félags fanga



Spice telst til löglegra efna hér á landi. – **sks/** **sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, skrifar um fátækt meðal barna á Íslandi. 10

**SPORT** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir verður fyrsti íslenski kylfingurinn sem keppir á opna breska risamótinu í golfi. 12

**TÍMAMÓT** Golfstraumsgarðurinn hefur verið opnaður á Ströndum. 16

**LÍFIÐ** Dragdrottningin Wanda gefur túristum á Íslandi áhugaverð ráð. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015








## Veður




Hæg norðaustlæg eða breytileg átt og víða smá skúrir í dag, en léttskýjað vestan til fram á kvöld. Fremur hlýtt í veðri, einkum suðvestan til. SJÁ SÍÐU 18

# Sáu tvo menn hlaupa frá Pétursbúð




**Vopnað rán var framið í hverfisversluninni Pétursbúð um sexleytið í gærkvöldi. Lögreglan segir einn mann hafa framið ránið en að vitni segi tvo menn hafa hlaupið á brott. Mögulegt sé að annar hafi staðið vörð fyrir utan verslunina. Maðurinn komst undan með peninga og sígarettur. Um tíuleytið í gærkvöldi var hvorki vitað um hversu háa upphæð var að ræða né hvers konar vopn var notað í ráninu.** FRÉTTABLAÐIÐ/JÓIK

## Veita ekki gistileyfi sökum neyðarástands

**KÓPAVOGUR** Bæjarráð Kópavogsbæjar tók í síðustu viku ákvörðun um að veita neikvæðar umsagnir um ný rekstrarleyfi fyrir gististaði í flokki II á svæðum þar sem deiliskipulag gerir ráð fyrir að sé íbúðabyggð.

Um er að ræða gististaði þar sem eigendur búa ekki á staðnum heldur leigja út íbúðir. Þeir sem óska eftir leyfi í þeim flokki munu þá líklega ekki fá þau. Theódóra Þorsteinsdóttir, formaður bæjarráðs, segir að með þessu sé verið að bregðast við neyðarástandi í húsnæðismálum.



**Theódóra Þorsteinsdóttir, formaður bæjarráðs Kópavogsbæjar**

„Á meðan neyðarástand ríkir á íbúðamarkaði viljum við takmarka atvinnustarfsemi þar sem deiliskipulag er íbúðabyggð. Við viljum ekki að varanleg búseta í hverfum þar sem deiliskipulag er íbúðabyggð víki fyrir gististarfsemi með þeim hætti sem sést hér, sérstaklega í miðborginni,“ segir Theódóra.

„Þetta snýst um það að á þeim svæðum þar sem deiliskipulag gerir ráð fyrir íbúðabyggð höfum við heimild í lögunum um að samþykkja minniháttar atvinnustarfsemi, en ef þetta er orðin umfangsmikil atvinnustarfsemi getur sveitarstjórn veitt neikvæða umsögn. Við höfum ákveðið að gera það,“ segir hún.

Í Kópavogi finnur bæjarráð fyrir aukinni aðsókn fyrir gististaði. „Leyfisveitingar vegna gististaða í flokki II í íbúðabyggð leiðir óhjákvæmilega til þess að framboð fasteigna fyrir fasta búsetu verður enn minna. Vegna þessara aðstæðna sem nú eru uppi teljum við að rekstur gististaða í þeim flokki samræmist ekki búsetu þar,“ segir Theódóra. – **sg**

## Gjaldtakan við Hraunfossa á ís

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ekki hefur verið ákveðið hvenær gjaldtaka við Hraunfossa í Hvítársíðu getur hafist. Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, segir málið hafa verið sett á ís.

„Það er ekkert að frétta af gjaldtöku þar,“ segir Kristín.

Framkvæmdaaðilar og landeigendur við Hraunfossa í Hvítársíðu ákváðu í byrjun mánaðarins að bíða með gjaldtöku við bílastæðið á svæðinu. Umhverfisstofnun hafði þá sagt að gjaldtaka væri ekki heimil og að landeigendur ættu yfir höfði sér allt að 500 þúsund króna sektir á dag.

Til stóð að hefja gjaldtökuna 1. júlí. „Við erum búin að segja þeim að það sé ekki heimild fyrir þá til að gera þetta. Höfum sent þeim bréf með afstöðu stofnunarinnar og fundað með þeim. Það hefur ekkert verið haft frekar samband við okkur,“ segir Kristín. – **sg**

# Óvenjulegt að ráðherra auglýsi kjól í þingsal

**Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, braut ekki reglur Alþingis með því að sitja fyrir á ljósmynd í þingsal fyrir tískuvörumerkið Galvan London. Óvenjulegt að salurinn sé notaður í auglýsingaskyni, segir skrifstofustjóri Alþingis.**




**Hér sést Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, klædd kjól frá Galvan London á Instagram-síðu breska hönnunarmerkisins.** MYND/SKJÁSKOT

**SAMFÉLAG** „Þetta kemur mér mjög á óvart, strangt til tekið er þetta ekki brot á reglunum en þetta er auðvitað dálítið óvenjulegt,“ segir Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, um ljósmynd af Björt Ólafsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra, í þingsal Alþingis sem notuð hefur verið í auglýsingaskyni fyrir breska tískuvörumerkið Galvan London.

Myndin er hluti af nýrri auglýsingaherferð Galvan á samfélagsmiðlum. Björt Ólafsdóttir og Sóla Káradóttir, listrænn stjórnandi vörumerkisins, eru vinkonur til margra ára eins og kom fram í færslu Galvan með myndinni á Instagram síðasta föstudag.

Þar var bent á að Björt er ráðherra og að hún standi á myndinni inni í sal Alþingis. Fleiri vinkonur Sólu hafa að undanförnu einnig setið fyrir á myndum klæddar fatnaði breska merkisins, myndaðar víðsvegar um Ísland.

Helgi segir að samkvæmt reglum Alþingis séu myndatökur í einkaþágu óheimilar í þingsalnum hvort sem sé á þingfundi eða utan. Óheimilt sé að taka ljósmyndir inn í salinn, úr hliðarsölum eða gangi, þar sem ljósmyndarar standa fyrir utan salinn sjálfan. Myndatökur í tengslum við blaða- eða sjónvarpsviðtöl, til að taka auglýsingamyndir og yfirleitt annars inni í sjálfum þingsalnum, séu sem sagt óheimilar. Myndatökur séu að öðru leyti heimilar í þinghúsinu og Skála Alþingis, svo og á skrifstofum þingmanna.

> **Þetta kemur mér mjög á óvart, strangt til tekið er þetta ekki brot á reglunum.**
>
> Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis



> **Helgi segir að samkvæmt reglum Alþingis séu myndatökur í einkaþágu óheimilar í þingsalnum hvort sem sé á þingfundi eða utan. Aftur á móti sé heimilt að taka ljósmyndir inn í salinn, úr hliðarsölum eða gangi.**

Þegar blaðamaður náði tali af Björt um miðjan dag í gær benti hún á að myndavélinni hefði verið beint inn í þingsal og að hún hefði því ekki brotið neinar reglur Alþingis. Þegar henni var svo kynnt að til stæði að fjalla um myndatökuna vildi hún ekki tjá sig um málið.

saeunn@frettabladid.is




Bros auglýsingavörur **með þínu merki**

Skoðaðu litríkt úrval á **bros.is**

Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.

BROS
AUGLÝSINGAVÖRUR
– með þínu merki




Það er svo dýrmætt að geta kúplað sig út úr amstrinu og gefið sig allan í það sem veitir gleði. Náð fullkomnu jafnvægi. RAV4 endurstillir þig og kröfur þínar til aksturs. Mýktin er slík að þú kemst lengra og hærra, áreynslulaust í allar áttir og hönnunin er svipmikil að innan sem utan. Teygðu þig í það sem þú þráir. Komdu og reynsluaktu.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Icelandair skoðar Asíuflug af alvöru

**VIÐSKIPTI** „Það er í skoðun hjá okkur að fljúga til Asíu og ef við horfum fram í tímann hef ég trú á því að við eigum eftir að sjá félagið færa sig í þá áttina,“ segir Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, um mögulega innreið félagsins á Asíumarkað.

Björgólfur segir félagið meðal annars hafa skoðað mögulega áfangastaði í Kína, Japan og Ísrael, en að engin ákvörðun hafi enn verið tekin um að hefja flug þangað.

Skúli Mogensen, forstjóri og stofnandi WOW air, sagði í samtali við Fréttablaðið í júní að flugfélagið hygðist hefja beint flug til Asíu á næsta ári. Félagið ynni að því að ákveða hvaða áfangastaðir í álfunni yrðu fyrir valinu. Þó liggur fyrir að það mun hefja áætlunarflug til Tel Aviv í Ísrael í september.

Björgólfur segir að Icelandair sé í góðu samstarfi við flugfélög sem starfa í Asíu og margir Asíubúar komi til landsins frá Evrópu með félaginu.

„Snúna málið í þessu er vissulega það að heimamarkaðurinn er mjög lítill. Við erum bara 330 þúsund hér á landi. En við sjáum vissulega tækifæri í því að hefja Asíuflug og höfum verið að skoða það í allnokkur ár. Ég hef trú á því að við eigum eftir að sjá breytingar í þá veru á næstu misserum og árum.“ – **kij**

> Það er í skoðun hjá okkur að fljúga til Asíu og ef við horfum fram í tímann hef ég trú á því að við eigum eftir að sjá félagið færa sig í þá áttina.
>
> Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group



## Lífeyrissjóðir eignast 46% hlut í HS Orku

**VIÐSKIPTI** Eignarhlutur íslenskra lífeyrissjóða í HS Orku mun aukast um 12,7 prósent og verða 46,1 prósent. Þetta varð ljóst í lok síðustu viku þegar samkomulag náðist á milli fagfjárfestasjóðsins ORK, sem er að mestu leyti í eigu lífeyrissjóða, og Magma Energy, dótturfélags kanadíska orkufélagsins Alterra. Samkomulagið varðar uppgjör á skuldabréfi sem Magma gaf út við kaup á hlut sínum í HS Orku árið 2009.



**Ásgeir Margeirsson er forstjóri HS Orku**

Samkomulagið er með fyrirvara um forkaupsrétt en felur það í sér að ORK mun yfirtaka 12,7 prósenta hlut Magma í HS Orku á genginu 6,97 krónur á hlut, sem þýðir að verðmæti eignarhlutarins nemur um 6,9 milljörðum króna.

Fjórtán lífeyrissjóðir eiga fyrir 33,4 prósenta hlut í HS Orku í gegnum félagið Jarðvarma. – **kij**

## Hleypt í land án tollskoðunar

**SAMGÖNGUMÁL** Á annað hundrað farþegum skemmtiferðaskips var hleypt í land á friðlýstu svæði á Hornströndum í fyrradag án þess að skipið eða farþegar þess hafi farið í gegnum tollskoðun. Því var fagnað í gærmorgun að skipið væri fyrsta skemmtiferðaskipið sem leggst að bryggju á Akranesi.

Skemmtiferðaskipið, sem heitir Leborial og er skráð í Frakklandi, kom frá Grænlandi í gær. 181 farþegi er um borð auk áhafnar. Skipið sigldi inn í Veiðileysufjörð þar sem það kastaði akkeri. – **jkj**

# Spice selt utan fangelsisveggja

**Fíkniefnið Spice virðist vera að ná vinsældum utan Litla-hrauns þar sem það er nýjasta tískudópið. Formaður Afstöðu - félags fanga, segist hafa tekið eftir söluaukningu utan fangelsisins og óttast faraldur. Spice telst til löglegra efna hér á landi.**

**SAMFÉLAG** Vísbendingar eru um að fíkniefnið Spice, sem hingað til hefur nánast eingöngu verið notað af föngum, sé komið út fyrir veggi fangelsa hér á landi og sé að ná almennri útbreiðslu á íslenskum fíkniefnamarkaði. Efnið er stórhættulegt og hefur dregið fjölmarga til dauða, en í janúar síðastliðnum þurfti að kalla til sjúkrabíl eftir að þrír fangar á Litla-Hrauni misstu meðvitund vegna ofskömmtunar af Spice.

Spice er nýjasta tískudópið á Litla-Hrauni, en hefur ekki náð miklum vinsældum utan fangelsisins. Samkvæmt eftirgrennslan Fréttablaðsins er talsvert um sölu Spice á Facebook. Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu – félags fanga, segist taka eftir söluaukningu á Spice utan fangelsanna, sem sé mikið áhyggjuefni.

„Þetta er eitthvað sem var hægt að sjá fyrir. Fangelsin endurspegla svolítið það sem mun gerast í þjóðfélaginu, því neysla á nýjum fíkniefnum hefst oftast fyrst í fangelsum, og svo er bara tímaspursmál hvenær þau eru komin inn í samfélagið. Þetta er bara þróunin og það eru allar líkur á því að Spice verði að faraldri,“ segir Guðmundur Ingi. Hann segir að til séu mörg hundruð tegundir af Spice. Fíkniefnið sé manngert og því ómögulegt að vita hvaða efni séu sett í það.



Spice er manngert kannabis og getur tekið nánast hvaða form sem er. Algengast er að það sé líkt eftir kryddi og þaðan kemur nafnið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Þetta er mjög hættulegt efni og við hjá Afstöðu höfum miklar áhyggjur af þessu. Við erum til dæmis að sjá það í fangelsunum að það er verið að kalla til lækna og menn eru að fara í hjartastopp, og það verður mjög alvarlegt þegar þetta dóp verður að faraldri á Íslandi,“ segir Guðmundur Ingi hjá Afstöðu.

Spice telst til löglegra efna hér á landi, en listi yfir ólögleg fíkniefni hefur ekki verið uppfærður frá 2001. Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar lögreglu, segir að þar af leiðandi séu þessi fíkniefni ekki haldlögð. Hann segist vita til þess að efnið sé í dreifingu, en ekki hvort það hafi náð mikilli dreifingu.

„Þessar upplýsingar byggi ég bara á því sem er að koma inn til okkar. Spice er ekki á lista yfir ólögleg fíkniefni og þar af leiðandi væri ekkert sem við gætum gert í því – það er ekkert til að leggja hald á. Það er hins vegar eitthvað sem er alveg hægt að gagnrýna, það hvað efni eru lengi að komast inn á þennan lista,“ segir Grímur.

Halldór Valur Pálsson, forstöðumaður Litla-Hrauns, segir að sífellt sé verið að auka eftirlit með notkun efnisins. Starfsfólk sé með meiri kunnáttu og þekkingu á meðhöndlun þess en áður. „Við þekkjum betur einkenni manna sem eru undir áhrifum og erum vakandi fyrir ákveðnum hlutum sem við erum að finna í klefunum og geta mögulega verið Spice,“ segir Halldór. **sunnak@365.is**

> Spice er ekki á lista yfir ólögleg fíkniefni og þar af leiðandi væri ekkert sem við gætum gert í því.
>
> Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar lögreglu



> Þetta er bara þróunin og það eru allar líkur á því að Spice verði að faraldri.
>
> Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu – félags fanga






BETRI NOTAÐIR BÍLAR

# SUMIR BÍLAR ERU BETRI NOTAÐIR BÍLAR

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

## HÉR ERU NOKKUR DÆMI:

BNB



Toyota Auris Live
Dísel, beinsk.
Á götuna 4/15 ekinn 59.000 km
Verð: 2.290.000.- Rn. 991048

BNB



Toyota Hilux GX Invincible 33"
Dísel, beinsk.
Á götuna 3/17 ekinn 1.000 km
Verð: 5.990.000.- Rn. 991150

BNB



Toyota Land Cruiser 150 GX
Dísel, sjálfsk.
Á götuna 7/16 ekinn 23.000 km
Verð: 8.540.000.- Rn. 991080.

BNB



Toyota Rav4 GX Plus
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 4/15 ekinn 45.000 km
Verð: 4.390.000.- Rn. 991103

BNB



Toyota Verso Live 5 sæta
Dísel, beinsk.
Á götuna 4/17 ekinn 1.000 km
Verð: 3.350.000.- Rn. 991093

BNB



Toyota Corolla Live
Dísel, beinsk.
Á götuna 5/15 ekinn 34.000 km
Verð: 2.690.000.- Rn. 991098

BNB



Lexus NX300h Comfort FWD
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 6/17 ekinn 50 km
Verð: 6.990.000.- Rn. 991149

BNB



Toyota Prius Plug-In Hybrid
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 9/16 ekinn 1.000 km
Verð: 4.170.000.- Rn. 990779

BNB



Toyota Corolla Active
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 6/15 ekinn 41.000 km
Verð: 3.090.000.- Rn. 991052

BNB



Toyota Proace GX háþekja
Dísel, beinsk.
Á götuna 12/14 ekinn 20.000 km
Verð: 3.270.000.- Rn. 991041

BNB



Toyota Rav4 VX
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 12/15 ekinn 40.000 km
Verð: 5.190.000.- Rn. 991096

BNB



Lexus IS300h EXE Hybrid
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 6/15 ekinn 31.000 km
Verð: 5.190.000.- Rn. 990985

## BETRI NOTAÐIR BÍLAR VEITA ÞÉR HUGARRÓ

Þeir hafa staðist okkar ströngustu kröfur í 125 punkta gæðaskoðun og eru í fullri verksmiðjuábyrgð hjá Toyota eða Lexus.

Betri notaðir bílar eru á útisvæði okkar og í sýningarsal Toyota Kauptúni.
Renndu við og veldu draumabílinn.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti.

Þú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.

ergo

SÖLUMENN OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR OG STJANA VIÐ ÞIG

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070
www.toyotakauptuni.is

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

BNB
Betri notaðir bílar

UB
Umboðssölu-bílar

## Næsti prestur fær ekki laxinn

**TRÚFÉLÖG** Kirkjuráð hefur ályktað um að laxveiðihlunnindi í Hofsá sem fylgja Hofi í Vopnafirði verði undanskilin í auglýsingu um sóknarprestsembætti Hofsprestakalls. Arður af veiðinni hleypur á milljónum króna.

Í bókun með samþykktinni tók Kirkjuráð fram að ákvörðunin verði endurskoðuð er starfshópur kirkjuráðs, sem kirkjuþing 2015 ákvað að yrði skipaður til að skoða slík mál í tengslum við stefnumörkun þjóðkirkjunnar um eignir og eignastýringu, skilar niðurstöðu. Þess má geta að veiðihlunnindi í Laxá í Kjós voru einnig undanskilin er embætti sóknarprests á Reynivöllum var auglýst til umsóknar í fyrra. – **gar**

## Tekjur Marels ollu vonbrigðum

**VIÐSKIPTI** Tekjur Marels á öðrum fjórðungi ársins voru mun lægri en hagfræðideild Landsbankans gerði ráð fyrir og ollu vonbrigðum. Þá versnaði afkoma félagsins af fiskiðnaði, þvert á væntingar sérfræðinga hagfræðideildarinnar. Engu að síður telja þeir enga ástæðu til þess að hafa áhyggjur af þróuninni eigi skýringar stjórnenda Marels við rök að styðjast.

Eins og kunnugt er námu tekjur Marels 244 milljónum evra. – **kij**



**Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels**

# Vaxandi ógn stafar af Norður-Kóreumönnum



**Kim Jong-un, leiðtogi Norður-Kóreu, var að sögn afar ánægður með síðustu eldflaugatilraun norður-kóreskra stjórnvalda sem gerð var aðfaranótt laugardags. Hann lýsti því yfir í samtali við ríkisfréttastofu landsins að tilraunin staðfesti að eldflaugakerfið gæti nú náð til alls meginlands Bandaríkjanna. Eldflaugin var á lofti í um 47 mínútur og flaug um þúsund kílómetra.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


**IN THE HIGH COURT OF JUSTICE**
**CHANCERY DIVISION**
**COMPANIES COURT**

**IN THE MATTER OF**
**SCOTTISH EQUITABLE PLC**
- and -
**IN THE MATTER OF**
**ROTHESAY LIFE PLC**
- and -
**IN THE MATTER OF**
**THE FINANCIAL SERVICES AND MARKETS ACT 2000**

**NOTICE**

NOTICE IS HEREBY GIVEN in accordance with section 114(2) of the Financial Services and Markets Act 2000 (as amended) ("FSMA") that, on 15 June 2017, an order was made by the High Court of Justice of England and Wales under section 111 and 112 of FSMA sanctioning a scheme (the "Scheme") providing for the transfer of a portfolio of immediate annuity policies and related assets and liabilities (the "Transferring Business") carried on by Scottish Equitable Plc (the "Transferor") to Rothesay Life Plc (the "Transferee"). The Scheme became effective in accordance with the said order at 00.01am (BST) on 30. June 2017.

Where, in relation to any policy comprised in the business transferred pursuant to the Scheme, the State of the commitment is an EEA State other than the United Kingdom (as such terms are defined for the purposes of FSMA) and the policyholder has the right to cancel the policy under the law of the EEA State concerned, then that right may be exercised during the period of 21 days following the date of publication of this notice (or, where applicable, during such longer period as may be allowed under the law of the EEA State concerned).

*Dated: 27. July 2017*

*Rothesay Life Plc*
*Project Crane Annuity Transfer*
*Level 25*
*The Leadenhall Building*
*122 Leadenhall Street*
*London*
*EC3V 4AB*

*Reference: Aegon Part VII Scheme of Transfer*

*Email: partVIIenquiries@rothesaylife.com*

*Phone: +44(0) 207 770 5300*


# Jökullinn dauðadæmdur og lónið mun stækka

**Helgi Björnsson jarðeðlisfræðingur segir að ekkert geti breytt því að sporður Breiðamerkurjökuls hopi tuttugu kílómetra inn í land og Jökulsárlón stækki. Jakaframleiðslan haldi áfram þar til jökullinn sé komin á fast land yfir sjávarmáli.**

**JÖKLAR** „Jafnvel þótt loftslagið hlýnaði ekkert meira en orðið er þá er þessi jökull dauðadæmdur,“ segir Helgi Björnsson jarðeðlisfræðingur um sókn Jökulsárlóns á sporð Breiðamerkurjökuls.

Um 1930 var Jökulsárlón ekki orðið til. Helgi segir að árið 1934 hafi rétt sést í lónið en í dag sé það orðið þrjátíu ferkílómetrar og nái átta kílómetra inn að jökulsporðinum.

„Jökullinn er á hraðri ferð norður og þetta mun halda áfram með auknum hraða. Þróunin verður ekki stöðvuð fyrst hún er komin af stað,“ ítrekar Helgi.

Orsök þess ferlis sem hefur verið í gangi í Jökulsárlóni er hlýnandi loftslag í kjölfar langvarandi kuldaskeiðs frá því fyrir árið 1400 og fram til 1920 að sögn Helga. „Landið undir þessum jökli, tuttugu kílómetra upp eftir, er fyrir neðan sjávarmál. Jökullinn liggur þarna í rennu sem nær niður fyrir sjávarmál. Og þegar þetta byrjar á annað borð þá fer bara af stað ferli sem ekki verður viðsnúið,“ segir hann.

Helgi telur að um næstu aldamót muni lónið hafa náð að éta sig um tuttugu kílómetra til viðbótar inn í landið og sporður Breiðamerkurjökuls hafa hopað að sama skapi. „Um þetta er erfitt að spá því þetta gerist hraðar en menn töldu enda vildu þeir ekki fullyrða of mikið. En það er alveg hægt að giska á það að þetta lón verði eftir hundrað ár komið langleiðina inn að Esjufjöllum,“ segir hann.

Sumir telja sig sjá að jökunum, sem eru helsta aðdráttaraflið fyrir ferðamenn, hafi fækkað á Jökulsárlóni en Helgi segist ekki hafa athuganir sem sýni það. Fólki geti þó sýnst svo vera því lónið stækki stöðugt og jakarnir dreifist því á stærra svæði.



**Breiðamerkurjökull skríður árlega fram um 300 metra á ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/JÓIK

> **Það er alveg hægt að giska á það að þetta lón verði eftir hundrað ár komið langleiðina inn að Esjufjöllum.**
>
> Helgi Björnsson jarðeðlisfræðingur



„Eitt er víst að það er að aukast framboðið af jökum en það má vera að þeir bráðni bara svo hratt. Á hverju flóði kemur straumur af tíu gráðu heitum sjó þarna inn, það er mjög mikill varmi,“ segir jarðeðlisfræðingurinn. Hlýtt loft á sumrin hafi líka sín áhrif. Fyrirsjáanlegt sé að á endanum fylli sjórinn lónstæðið.

„Ísstraumurinn sem kemur innan úr Vatnajökli bætir bara upp helminginn af því sem brotnar úr sporðinum,“ segir Helgi sem aðspurður kveður þó ekki líkur á því að jakar hætti að skila sér úr jöklinum niður lónið. Ekki í bili að minnsta kosti.

„En þegar jökullinn er kominn 25 kílómetra þarna upp eftir þá fer hann upp á land. Þá er bara lónið fyrir framan. En á meðan sporðurinn flýtur fram í lónið þá skilar hann jökum. Hann þarf að draga sig upp úr þessari rennu til þess að jakar hætti að myndast,“ dregur Helgi upp framtíðarmyndina sem sé óumflýjanleg. Ekki nema það komi ísöld - og hún sé ekki í kortunum. **gar@frettabladid.is**




Brimborg | Bíldshöfða 8, 110 Reykjavík, Sími 515 7000 | Tryggvabraut 5, 600 Akureyri, Sími 515 7050

mazda.is

# Vísa 755 bandarískum erindrekum úr landi

**RÚSSLAND** Vladimír Pútín, forseti Rússlands, krafðist þess í gærkvöldi að 755 starfsmenn bandarísku utanríkisþjónustunnar í Rússlandi yfirgæfu landið. Um er að ræða viðbrögð rússneskra stjórnvalda við nýjum refsiaðgerðum Bandaríkjamanna gegn Rússum.

Rússnesk stjórnvöld kröfðust þess í síðustu viku að bandarískum erindrekum í landinu yrði fækkað í 455 þannig að þeir yrðu jafn margir og Rússar hafa í sinni þjónustu í Bandaríkjunum. Pútín sagði ekki tilefni til að ganga svo langt eins og sakir stæðu. Hann benti á að yfir þúsund manns störfuðu fyrir bandarísk stjórnvöld í Rússlandi. Þeim yrði að fækka um 755 manns ekki síðar en í septembermánuði.

Rússlandsforseti sagði jafnframt ólíklegt að breytingar yrðu á samskiptum Rússlands og Bandaríkjanna í bráð, en eins og kunnugt er hafa þau ekki verið stirðari í nokkra áratugi. – **kij**










# Breskir ráðherrar deila hart um útgönguna

**Viðskiptaráðherra Bretlands segir ríkisstjórnina ekki hafa samþykkt tillögu fjármálaráðherrans um að heimila áfram frjálsa för fólks til og frá landinu eftir að Bretar ganga úr Evrópusambandinu. Það sé ekki í samræmi við vilja meirihluta breskra kjósenda. Fjármálaráðherrann hafði áður sagt að „víðtæk sátt“ væri innan bresku ríkisstjórnarinnar um málið.**


**Philip Hammond, fjármálaráðherra Bretlands, og Theresa May forsætisráðherra eru sögð samtaka um mikilvægi þess að koma í veg fyrir að útganga Bretlands úr Evrópusambandinu verði of harkaleg.** NORDICPHOTOS/GETTY

**BRETLAND** Liam Fox, viðskiptaráðherra Bretlands, segir að ekki sé einhugur innan bresku ríkisstjórnarinnar um þá hugmynd fjármálaráðherrans Philips Hammond að leyfa frjálsa för fólks til og frá landinu í allt að þrjú ár eftir að Bretland gengur formlega úr Evrópusambandinu.

Í samtali við breska fjölmiðla um helgina áréttaði Fox að krafa meirihluta Breta um að taka stjórn á eigin landamærum í sínar hendur hefði komið skýrlega fram í niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar síðasta sumar um að ganga úr sambandinu.

„Óheft og frjáls för fólks yrði, að því er virðist, ekki í samræmi við þessa afdráttarlausu ákvörðun Breta,“ sagði hann. Bretar ættu að stýra eigin landamærum eftir að þeir segðu skilið við Evrópusambandið í mars árið 2019. Undantekningar á því kæmu ekki til greina nema að öll ríkisstjórnin, en ekki einstaka ráðherrar, væri einhuga um þær.

Fox brást þannig við orðum sem Hammond lét falla fyrir helgi um að samband Bretlands og Evrópusambandsins yrði, eftir að Bretland gengur formlega úr sambandinu, að mörgu leyti mjög áþekkt því sem nú er.

Gaf Hammond til kynna að bresk stjórnvöld myndu áfram leyfa frjálsa för fólks til og frá landinu, gegn því að fá áframhaldandi aðgang að innri markaði Evrópusambandsins, í að minnsta kosti þrjú ár eftir að Bretar segðu skilið við sambandið að nafni til. Fjármálaráðherrann fullyrti að það væri „víðtæk sátt“ innan ríkisstjórnarinnar um slíka lausn.

Fox sagðist hins vegar ekki kannast við umrædda sátt. „Ef það hafa átt sér stað viðræður um að farin verði slík leið, þá hef ég allavega ekki tekið þátt í þeim. Ég hef ekki átt í viðræðum um það eða ljáð samþykki mitt við þess háttar tillögum,“ sagði hann.

Margir ákafir fylgjendur útgöngu Breta úr Evrópusambandinu innan breska Íhaldsflokksins hafa gagnrýnt Hammond harðlega og sagt að tillögur hans þýði að Bretar muni í raun ekki segja skilið við sambandið fyrr en í fyrsta lagi árið 2022. Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, er um þessar mundir í sumarfríi og hefur ekki tjáð sig um hugmyndir Hammonds.

Fox lýsti í viðtali við Sunday Times í gær efasemdum sínum um að allir borgarar Evrópusambandsríkja myndu áfram geta ferðast möglunarlaust til Bretlands allt til ársins 2022. Vissulega yrðu bresk stjórnvöld að reyna að milda áhrif útgöngunnar og ná ákveðnum málamiðlunum við Evrópusambandið, en breskir kjósendur myndu ekki sætta sig við hvaða málamiðlanir sem er.

Chris Mason, stjórnmálaskýrandi breska ríkisútvarpsins, segir að ummæli Fox sýni þann klofning sem skekur bresku ríkisstjórnina í málinu. Ráðherrarnir séu sammála um að „harkaleg“ útganga Bretlands úr Evrópusambandinu komi ekki til greina. Hins vegar séu þeir ekki ásáttir um hvernig sambandi Breta og ESB skuli háttað í mars 2019, þá fyrst og fremst hvort heimila eigi áfram, í það minnsta tímabundið, frjálsa för borgara Evrópusambandsríkja til og frá Bretlandi.

Ráðamenn í Brussel hafa margoft ítrekað að Bretar muni ekki hafa aðgang að innri markaði Evrópusambandsins án þess að samþykkja skilyrði um frjálsa för fólks á milli landa. Bretar geti ekki valið og hafnað kostum sambandsins eftir eigin hentisemi. **kristinningi@frettabladid.is**

## Ummæli Fox sögð grafa undan ríkisstjórninni



Ummæli breska viðskiptaráðherrans um að vart komi til greina að heimila áfram frjálsa för fólks til og frá Bretlandi í kjölfar þess að Bretar segja skilið við Evrópusambandið sættu mikilli gagnrýni um helgina. Þannig var ráðherrann sagður hafa grafið undan bresku ríkisstjórninni og sér í lagi þeim Hammond fjármálaráðherra og Theresu May forsætisráðherra, en ummæli Fox voru í hróplegu ósamræmi við fyrri loforð þeirra beggja.

Hammond hefur lagt áherslu á að Bretar hafi áfram aðgang að innri markaði Evrópusambandsins. Þeir þyrftu þá að fallast á frjálsa för fólks yfir landamærin, að minnsta kosti upp að einhverju marki. Margir harðir fylgjendur útgöngu Breta úr sambandinu segja það hins vegar ófrávíkjanlega kröfu að Bretar taki stjórn á landamærunum í sínar hendur, þó það þýði að Bretar þurfi að slíta öll önnur tengsl sín við sambandið.

> **Óheft og frjáls för fólks yrði, að því er virðist, ekki í samræmi við afdráttarlausa ákvörðun Breta um að segja sig úr Evrópusambandinu.**
>
> Liam Fox, viðskiptaráðherra Bretlands



> **Bretar munu segja formlega skilið við Evrópusambandið í marsmánuði árið 2019. Enn er með öllu óljóst hvernig framtíðartengslum þeirra við sambandið verður háttað.**

# ÞJÓÐHÁTÍÐARTVENNA

## 0,5 L PEPSI EÐA PEPSI MAX Í PLASTI OG 170 G DORITOS POKI AÐ EIGIN VALI




Ef þú kaupir þjóðhátíðar-tvennu getur þú unnið miða á **Þjóðhátíð í Eyjum!** Dregið út 3. ágúst **á FM957.**

**AÐEINS 399 KR.**

*Fljótlegt og þægilegt*

**REYKJAVÍK**

Laugalækur 9, Austurstræti 17, Laugavegur 116, Lágmúli 7, Grímsbær, Héðinshús, Hjarðarhagi 47, Eggertsgata 24, Miklabraut 100, Kleppsvegur, Birkimelur 1, Bústaðavegur 20, Suðurfell 4, Laugavegur 180, Borgartún 26, Seljavegur 2, Grjótháls 8, Barónsstígur 4, Bankastræti 11, Seljavegur 2

**HAFNARFJÖRÐUR**

Fjörður 13-15, Staðarberg 2-4, Reykjavíkurvegur 58

**KÓPAVOGUR**

Dalvegur 20, Hagasmári 9, Hjallabrekka 2

**GARÐABÆR**

Litlatún

**REYKJANESBÆR**

Hafnargata 55, Keflavíkurflugvöllur, Fitjar

**AKUREYRI**

Kaupangur

**AKRANES**

Skagabraut 43

# Eilíf bið



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er alltaf ánægjulegt að sjá ráðherra málaflokks bregðast við athugasemdum og gagnrýni eins og Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra gerði á Facebook-síðu sinni í kjölfar viðtals við Láru Guðrúnu Jóhönnudóttur í Fréttablaðinu um helgina. Í viðtalinu greinir Lára Guðrún frá krabbameinsveikindum móður hennar sem og sínum eigin veikindum og þeim raunum og kostnaði sem heilbrigðiskerfið leggur á bæði sjúklinga og aðstandendur þeirra. Viðtalið er aðgengilegt á Vísir.is.

En eins og það er ánægjulegt að sjá ráðherra bregðast við því þá fylgja hins vegar mikil vonbrigði að sjá að svör Óttars eru lítið annað en innantóm endurtekning á gagnrýni Láru Guðrúnar. Staðreyndin er að á Íslandi eru aðstæður krabbameinssjúklinga sem og annarra langveikra einstaklinga og aðstandenda þeirra langt frá því að vera með viðunandi hætti. Kostnaðurinn er oftar en ekki mikill, tekjutapið algjört, andlegu álagi lítið sinnt nema af frjálsum félagasamtökum og þannig mætti áfram telja. Við greiningu tekur ekki einvörðungu við erfið meðferð og mikið álag heldur að auki gegndarlaus þrautaganga um kerfi sem virðist frekar vera til kerfisins vegna en þeirra sem á því þurfa að halda.

Auk þess að taka undir margt af þeirri gagnrýni sem Lára Guðrún setur fram þá er í raun aðeins tvennt í hugleiðingum Óttars sem bendir til þess að hann sé æðsti yfirmaður heilbrigðismála á Íslandi. Í fyrsta lagi er það varðandi kostnaðinn sem Óttarr bendir á að með nýja kerfinu sé komið þak á heildargreiðslur einstaklinga og að hann ætli sér að halda áfram á sömu braut næstu árin, en kerfinu var komið á í tíð síðasta heilbrigðisráðherra. Hér er þó aðeins hálf sagan sögð því ef fólk álpast til þess að glíma við langvinn veikindi þá þarf það að byrja hvert nýtt lyfjaár á því að greiða lyfin sín dýrum dómum. Slíkt er auðvitað skelfilegt fyrir manneskju sem er kannski á þriðja eða fjórða ári til dæmis krabbameinsmeðferðar eða á hamlandi eða líknandi meðferð.

Í öðru lagi nefnir Óttarr að ábendingar Láru Guðrúnar muni nýtast vel og séu í takt við tillögur að íslenskri krabbameinsáætlun sem nú liggi fyrir. Þessi áætlun hefur reyndar legið fyrir í einhver ár en Óttarr nefnir það ekki heldur aðeins að fram undan sé starf nýrrar nefndar sem muni forgangsraða nýjum tillögum. Þannig að það sem Óttarr hefur áorkað í ráðherratíð sinni í þessu mikilvæga máli er að skipa nýja nefnd um áætlun sem þegar lá fyrir. Þetta eru auðvitað stórkostleg vonbrigði með ráðherra sem ítrekað hefur látið hafa það eftir sér að hann hafi sóst eftir því að verða ráðherra þessa mikilvæga en erfiða málaflokks.

Það er eitt að vilja gera eitthvað en annað að koma því í verk. Óttarr Proppé er löngu orðinn heilbrigðisráðherra en nú þarf fólkið sem þarf á kerfinu að halda að fara sjá einhverjar haldbærar skýringar á því hvers vegna hann sóttist eftir starfinu. Margt af þessu fólki og aðstandendur þess hafa einfaldlega ekki tíma fyrir þessa eilífu bið fram undir næstu kosningar þegar stjórnmálamenn finna oft loksins hjá sér framkvæmdagleðina sem skilar þeim áfram á þing til fjögurra ára. Tíminn til aðgerða er núna.

> **Óttarr Proppé er löngu orðinn heilbrigðisráðherra en nú þarf fólkið sem þarf á kerfinu að halda að fara sjá einhverjar haldbærar skýringar á því hvers vegna hann sóttist eftir starfinu.**





CE - merkt framleiðsla

- Íslensk framleiðsla, framleitt af Idex álgluggum ehf.
- Hágæða álprófílkerfi frá Schüco
- Schüco tryggir lausnir og gæði
- Þekking og þjónusta
- Áralöng reynsla

**Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga**

IDEX
idex.is - sími 412 1700
framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi

SCHÜCO
- þegar gæðin skipta máli


## Halldór




## Frá degi til dags

**Ærið verk fyrir höndum**

**Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra brást um helgina við áhrifaríku viðtali helgarblaðs Fréttablaðsins við Láru Guðrúnu Jóhönnudóttur, þar sem hún kallaði eftir byltingu í þjónustu til krabbameinsveikra, en sjálf var hún greind með brjóstakrabbamein í vetur auk þess sem hún missti móður sína úr sama meini sautján ára. Óttarr tók undir ábendingar Láru og sagði Íslendinga þurfa að nýta sér reynslu og innsæi hennar til að létta sjúklingum og aðstandendum lífið.**

**Fagna má viðbrögðum heilbrigðisráðherra. Orð eru hins vegar eitt, efndir eru annað. Fyrir liggja tillögur að krabbameinsáætlun og á ráðherra ærið verk fyrir höndum að koma þeim í framkvæmd. Ábendingar Láru eiga tvímælalaust erindi í þá vinnu.**

**Atvinnulífinu til góðs?**

**Forstjóri Samkeppniseftirlitsins sagðist í útvarpsviðtali í gær hafa heyrt miklar áhyggjur fyrirtækja í atvinnulífinu af kaupum Haga á Lyfju, en eins og kunnugt er ógilti eftirlitið kaupin. Það getur þó vart komið atvinnulífinu til góðs að yfirvöld komi í veg fyrir að fyrirtæki á þessum örmarkaði sem íslenski markaðurinn er geti hagrætt og brugðist við gjörbreyttu samkeppnishverfi. Fyrirtæki verða að fá ráðrúm til að mæta aukinni samkeppni.**

**kristinningi@frettabladid.is**

# Börnin okkar



Oddný Harðardóttir,
þingmaður Samfylkingarinnar

Á Íslandi ætti ekkert barn að þurfa að búa við efnislegan skort. En því miður er það þó raunin að hér finnast dæmi um sárafátækt og þúsundir barna geta ekki tekið þátt í tómstunda- og íþróttastarfi vegna þess að foreldrarnir eiga ekki peninga nema rétt fyrir fæði, klæði og húsnæði. Þau börn tengjast oft ekki jafnöldrum sínum félagslega, verða út undan og líður illa.

Þessa stöðu má bæta með því að nota jöfnunartækin sem ríkið á og hafa sýnt sig að virka best; barnabætur, vaxtabætur og annan húsnæðisstuðning. Jöfnunartækin hafa illu heilli verið veikt mjög mikið vegna aðgerða síðustu ríkisstjórnar og sú sem nú heldur um stjórnartaumana hefur sýnt á spilin í fimm ára fjármálaáætlun og ætlar greinilega að veikja þau enn frekar. Á meðan mun staða margra barna versna.

Húsnæðismál efnaminni fjölskyldna eru í miklum ólestri og verður ekki komið í lag nema með aðkomu hins opinbera. Ríkið getur ekki bara varpað vandanum á sveitarfélögin. Vandann þarf að leysa af hinu opinbera hratt og vel því staðan mun ekki lagast af sjálfri sér.

Forgangsröðun stjórnvalda hvort sem er ríkisins eða sveitarfélaga skiptir börn miklu máli, þ.e. að málefnum barna og ungra fjölskyldna sé raðað framar. Staða efnaminni fjölskyldna er ósættanleg hér á landi. Við erum rík þjóð og eigum að gæta að lífsgæðum allra barna. Það er hægt og við höfum efni á því!

Við eigum jafnframt að gera allt sem við getum til að vernda börn gegn fólki sem beitir þau ofbeldi, nauðgar og misnotar með ýmsum hætti. Þar skiptir máli að lögreglan hafi fjármagn og þekkingu til að sinna slíkum málum af myndugleika og að með sálgæslu og umhyggju sé málunum fylgt fast eftir.

Öll börn eru okkar börn og okkur ber að tryggja þeim öllum gott líf. En til þess þarf vilja og stjórnvöld með hjartað á réttum stað.

> **Þessa stöðu má bæta með því að nota jöfnunartækin sem ríkið á og hafa sýnt sig að virka best.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,**
*ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson
*magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Öfgasinnaðir mammonistar

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson

**Þarna eru stundum viðraðar hugmyndir í anda þeirra trúarbragða að markaðsvæða skuli alla tilveruna.**

Dálkahöfundur sem kallar sig Innherja skrifar stundum í Viðskiptablað Morgunblaðsins og má af hinni ábúðarmiklu nafngift ráða að viðkomandi telur sig innvígðan og í hópi útvalinna; „innherji“ er annars vegar löngu aflögð staða á fótboltavelli og hins vegar sá sem stöðu sinnar vegna veit sitthvað sem aðrir vita ekki um rekstur tiltekinna fyrirtækja og stöðuna í viðskiptalífinu. Nafnið sýnir vissa sjálfsmynd; sambærilegt við að dálkahöfundur kallaði sig Menningarvitann eða Gáfnaljósið – í fullri alvöru.

### Vitrunin á fjallinu

Þessir dálkar einkennast af mammonstrúarofsa, eins og verða vill í slíkum safnaðartíðindum, þar sem reynt er að láta öfgafullar kennisetningar mammonista hljóma eins og hvunndagsleg sannindi. Þarna eru stundum viðraðar hugmyndir í anda þeirra trúarbragða að markaðsvæða skuli alla tilveruna, setja verðmiða á allt, koma öllu í eigu einkaaðila, láta allt ganga kaupum og sölum, jörð, vatn, loft, eld.

Innherji skrifaði með öðrum orðum grein á dögunum þar sem spurt er nokkuð höstuglega hvort Esjan eigi að vera ókeypis. Þá hafði hann að eigin sögn gengið í fyrsta sinn á Esjuna og af pistlinum að dæma virðist hann ekki hafa byrjað á því að dásama útsýnið eða gefið sér tíma til að gleðjast yfir eigin elju – eða litið í kringum sig og notið þess að vera einn með vindinum og almættinu: nei, fyrsta hugsun hans á fjallinu er þessi: Af hverju er þetta ókeypis? Af hverju er vellíðan mín ókeypis? Má vellíðan vera ókeypis?

Hann segir: „Það eru þekkt sannindi að menn kunna oft betur að meta hluti sem þeir greiða fyrir en þá sem þeir fá ókeypis“.

Nú má vera að þetta sé kennt sem þriðja lögmál Friedmans í viðskiptafræðideildum háskólanna en þessi fullyrðing verður ekki „þekkt sannindi“ fyrir það. Svona hugsa bara mammonistar. Að baki býr sú trú að mælikvarði allra gæða sé markaðsvirði, peningarnir sem fólk er reiðubúið að greiða fyrir þau. Og það sem ekki sé á markaði og ekki sé greitt fyrir sé þar með einskis virði. Innherja finnst vellíðan sinni eftir fjallgönguna vera sýnd óvirðing þegar ekki býr að baki greiðsla, verða einskis virði, óraunveruleg – ómæld.

Þau eru reyndar mörg til sem kunna því betur að meta hluti sem þau borga minna fyrir þá. Og við, sem ekki erum öfgasinnaðir mammonistar, myndum hins vegar taka svo til orða að það séu einmitt „þekkt sannindi“ að allt hið besta í lífinu sé ókeypis, og fáist ekki keypt: kærleikur, gleði, heilbrigði, faðmlag, hlátur, grátur, samvera, góður svefn, hugsjónir, tenging við almættið, unaðssemdir náttúrunnar – lífsaflið sjálft. Sumt í lífinu er ómetanlegt, verður ekki mælt á peningalegan mælikvarða, getur ekki gengið kaupum og sölum: er hvorki ókeypis né keypis.

Til dæmis Esjan og tilfinning okkar fyrir henni.

### Náttúrugæði hf

Nú vitum við ekkert hver sá Innherji er sem heimtar að fá að borga einhverjum þegar honum líður vel – en maður sér bóla á svona hugmyndum æ oftar nú þegar þeim öflum vex ásmegin sem vilja koma fleiri sameiginlegum gæðum landsmanna í eigu einkaaðila, eins og gert var við fiskinn í sjónum á sínum tíma. Næsta verkefni mammonistanna er náttúran. Í síðustu Bólu var mikið reynt í þessum efnum, og gekk þar hart fram einn helsti hugmyndafræðingur og höfundur kvótastefnunnar í sjávarútvegi, Ragnar Árnason prófessor við HÍ. Árið alræmda 2006 var haldin ráðstefna í desember á vegum öfgasinnaðra mammonista í HÍ, sem kalla sig „Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál“. Þar varpaði Ragnar fram þeirri hugmynd að stofnað yrði hlutafélagið „Náttúrugæði hf“ sem tæki við öllum náttúrugæðum í opinberri eigu; allir Íslendingar gætu orðið hluthafar og hver og einn ráðstafað sínum hlut að eigin vild. Það hefði aldeilis verið gaman ef Þingvellir hefðu verið keyptir fyrir aflandskrónur af hrokagikkjunum sem óðu hér uppi á þessum árum – Þingvellir group – en ekki var að heyra að Ragnar hefði áhyggjur af samþjöppun í eignarhaldi. Honum var náttúran raunar hugleikin á þessum árum; tveimur árum fyrr, 2004, hafði hann mælt gegn því að Ísland gerðist aðili að Kyoto-bókuninni, enda hefðu gróðurhúsaáhrifin góð áhrif á íslenskan sjávarútveg. Hann var búinn að reikna það út. Hann er geysilegur hagfræðingur hann Ragnar Árnason, svo mikill að hann væri vís með að reikna það út að heimsendir margborgaði sig.

Hagfræðin er að sönnu nytsamleg grein og getur komið að góðu haldi sem hjálpartæki þegar taka þarf ákvarðanir. En hún segir ekki til um rétt og rangt og þegar kemur að náttúrufræðum er Ragnar augljóslega eins og hver annar grillufangari. Það er allt í lagi að til séu sérvitringar sem telja að Þingvellir og aðrar þjóðargersemar séu best komnar í eigu auðmanna sem rukka svo okkur hin fyrir að koma þar nærri – en óþarfi er að láta sem slíkar grillur séu niðurstaða fræðilegra umþenkinga eða vísindalegra rannsókna.

Innherji klöngraðist sem sé upp á Esju og gleymdi alveg að dást að útsýninu af því að hann var svo mikið að skima eftir einhverjum sem tæki við greiðslum. Fyrir tvöþúsund árum fór annar maður upp á annað fjall – ofurhátt – og samferðamaður hans sýndi honum útsýnið, sem var öll ríki veraldar, og sagði við hann: „Allt þetta mun ég gefa þér ef þú fellur fram og tilbiður mig.“

Hann fékk svarið: „Vík burt Satan.“

# Ábyrgð ríkisins á íþróttahreyfingunni





Margrét Lilja Guðmundsdóttir, aðjúnkt við íþróttafræðisvið HR

Dr. Bjarni Már Magnússon, dósent við lagadeild HR

**Þó svo að hér sé um að ræða stórtíðindi fyrir íslenskan körfubolta er, að mati undirritaðra, umfjöllun áminningarbréfsins um tengsl ríkisvaldsins og íþróttahreyfingarinnar mun merkilegri.**

Áminningarbréf Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) til íslenska ríkisins vegna meintra brota Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) á reglum EES-samningsins, um frjálsa för launþega innan EES-svæðisins, hefur verið í brennidepli að undanförnu. Í bréfinu kemur fram að ESA telur að hin svokallaða 4+1 regla, sem leyfir aðeins einn erlendan leikmann í hvoru liði inni á vellinum í einu, feli í sér brot á réttindum EES-ríkisborgara enda gera reglur KKÍ engar undantekningar vegna þeirra.

### Ríkið og ÍSÍ

Þó svo að hér sé um að ræða stórtíðindi fyrir íslenskan körfubolta er, að mati undirritaðra, umfjöllun áminningarbréfsins um tengsl ríkisvaldsins og íþróttahreyfingarinnar mun merkilegri. Í stuttu máli segir í bréfinu að í íþróttalögum hafi ríkið framselt lagasetningarvald til Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ) til að setja reglur um íþróttir hérlendis og að ÍSÍ sé að miklu leyti fjármagnað af íslenska ríkinu. Vegna náinna tengsla ríkisins við íþróttahreyfinguna sé því skylt að sjá til þess að reglum EES-samningsins og afleidds réttar sé framfylgt innan ÍSÍ. Undir ÍSÍ heyra héraðssambönd, íþróttabandalög og sérsambönd eins og KKÍ og KSÍ, m.ö.o. stór hluti íþróttalífs í landinu heyrir undir ÍSÍ.

### Jafnrétti kynjanna

Í framhaldinu verður að spyrja hvort að ríkið geti verið ábyrgt vegna annarra hugsanlegra lögbrota innan íþróttahreyfingarinnar, s.s. vegna jafnréttismála, á sömu forsendum. Auk þess verður að spyrja hvort að ríkið verði ekki að herða eftirlit og eftirfylgni með að íþróttahreyfingin fari að lögum ef það ber að einhverju leyti ábyrgð á því sem fram fer innan hennar.

Ljóst er að stjórnvöld, sem og íþróttahreyfingin, verða að taka áminningarbréf ESA til gaumgæfilegrar skoðunar. Slíkt bréf markar upphaf málsmeðferðar sem getur endað með dómsmáli ESA gegn Íslandi fyrir EFTA-dómstólnum. Telja verður líklegt að svör íslenska ríkisins til ESA muni að miklu leyti snúast um tengsl ríkisvaldsins við íþróttahreyfinguna og hvort að ríkið geti borið ábyrgð á lögbrotum innan ÍSÍ. Þetta er mikilvægt málefni fyrir íþróttalífið í landinu sem verðskuldar athygli.



FRÉTTABLAÐIÐ SPORT




Ólafía Þórunn Kristinsdóttir sýndi mjög mikinn andlegan styrk við erfiðar aðstæður í Skotlandi og tryggði sér sæti á sínu öðru risamóti. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Geggjaður endir á erfiðum degi

**Ólafía Þórunn Kristinsdóttir endurskrifaði íslensku golfsöguna enn á ný í gær þegar hún tryggði sér fyrst Íslendinga sæti á opna breska risamótinu sem fer fram í Skotlandi um verslunarmannahelgina.**

